

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. maí 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-45/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 26. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún segir vera á eldavél sem hún hafi keypt hjá Y 5. mars 2005. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði kostnað við viðgerð á eldavélinni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 8. apríl sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum sem bárust 16. apríl. Með bréfi, dags. 19. apríl sl., var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 27. apríl. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 10. maí sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi sem álitsbeiðninni fylgdi keypti álitsbeiðandi keramik eldavél 5. mars 2005 hjá Y fyrir kr. 49.900. Álitsbeiðandi segir að komið hafi í ljós við misheppnaðar baksturstillraunir í haust að ekki hafi verið undirhiti í bakaraofninum. Í desember hafi hún hringt í Y til þess að spyrjast fyrir um hvort eldavélin væri í ábyrgð og hafi verið tjáð að vélin hafi verið keypt með tveggja ára ábyrgð. Því yrði hún sjálf að bera kostnað af viðgerð en viðgerð á eldavélinni hefði ekki enn farið fram. Umfjöllun um 5 ára kvörtunarfrest hefði leitt til þess að hún hefði hringt í Y fyrir fáeinum dögum en í samtalinu hefði verið bent á að eldavélin hefði verið keypt 5. mars 2005 og því væri 5 ára kvörtunarfrestur liðinn. Samkomulag hafi þó náðst um að líta framhjá því vegna þess að sá frestur hafi ekki verið útrunninn þegar hún hafi hringt í Y í desember en í því samtali hafi sér ekki verið gefnar upplýsingar um þennan kvörtunarfrest. Sá starfsmaður Y sem hún hafi talað við hafi sagt að ekki væri hægt að úrskurða um hvor aðila ætti að bera viðgerðarkostnaðinn fyrr en viðgerðarmaður hefði metið hvað að eldavélinni væri. Sér hafi verið boðið að koma með eldavélina til viðgerðar en sér hafi ekki hugnast sá kostur þar sem þriggja manna verk væri að bera hana úr húsi. Þá hafi sér verið vísað á viðgerðarþjónustu Y sem sé fyrirtæki sem heiti Z. Það hafi hún gert en viðgerðarmaður ekki viljað koma nema að fá kostnað af því greiddan. Þá segir orðrét í álitsbeiðninni: „Þarna er málið farið að bíta í skottið á sér; ekki er hægt að úrskurða um hvort eigandi eða seljandi beri kostnað af viðgerð fyrr en viðgerðarmaður hefur litið á vélina – viðgerðarmaður kemur ekki heim að skoða vélina nema eigandi greiði kostnaðinn!“ Sér hafi verið tjáð af Y að eina færa leiðin væri að fá úrskurð kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaup um ágreininginn.

IV Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir eftirfarandi:

„X kaupir eldavél 05/03/2005 á 49.900,- kr. Hún hefur samband við okkur í kringum miðjan mars 2010 rúmum 5 árum eftir kaupin. Að hennar sögn segist hún hafa hringt í desember 2009 og spurst fyrir um ábyrgðina. Ekki er búið að skoða vélina af fagmanni og þannig ekki vitað hvort um ábyrgðarmál sé að ræða ef þetta væri innan ábyrgðartíma. Benda má á að þegar svona langt er síðan varan var keypt að það er neytandans að sanna að um galla sé að ræða. eldavélin er ein af ódýrari eldavélum sem við höfum selt og ekki má gera ráð fyrir sömu endingu og í dýrari tækjum. Svo er það spurning hvort það sér rétt að verslanir taki á sig lengri ábyrgð ern framleiðandi gerir í þessu tilviki? Ekki er vitað hvort um ábyrgð/galla sé að ræða en ef svo reynist þá tekur Y ekki þátt í viðgerðar eða öðrum kostnaði vegna aldurs vélarinnar.“

V Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Hér hagar svo til að álitsbeiðandi telur að galli sé á eldavél sem hún keypti fyrir rúmum fimm árum síðan. Álitsbeiðandi byggir á því að hún eigi rétt samkvæmt 2. málslið 2. mgr. 27. gr. neytendalaga til þess að kvarta undan gallanum við seljanda sem hún hafi gert í desember sl. þegar tæp fimm ár voru liðin frá því að hún fékk eldavélina afhenta. Í framangreindum 2. málslið segir eftirfarandi: „Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka.“

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins telur kærunefndin að óhætt væri að byggja á því að álitsbeiðandi hafi kvartað við seljanda í desember 2009 og því gert það innan þess frests sem kveðið er á um í 2. málslið 2. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga.

Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar, sem eiga einnig við þegar um kaup fer eftir neytendakaupalögum, ber þeim sem gerir kröfu um að fá úrbætur vegna meints galla að sanna tilvist hans, þ.e. hver hann er og hvers eðlis, þannig að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort úrbótaréttur af einhverju tagi sé fyrir hendi. Sé svo myndi sá kostnaður sem fylgir skoðun á gallanum eiga að greiðast af þeim sem skylt kynni að vera að bæta úr gallanum en að öðrum kosti yrði sá sem krefst útbóta að bera þann kostnað sjálfur. Í því tilviki sem hér um ræðir er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðanda beri að láta fagmann skoða hver bilunin er á eldavélinni og meta eftir föngum af hverju hún kann að stafa og hvað muni kosta að gera við bilunina. Kærunefndin álitur því að fyrr en þessar upplýsingar liggja fyrir geti hún ekki gefið álit á ágreiningi aðila. Kærunefndin telur því að hún verði að vísa frá kröfu álitsbeiðanda eins og hún liggur fyrir samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og

þjónustukaupa. Kærunefndin bendir á að álitsbeiðandi myndi geta beðið kærunefndina að nýju um álit á ágreiningi aðila þegar nægjanlegar upplýsingar um gallann liggja fyrir.

VI

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir